

REGLUR

um Rannsóknastofnun um lyfjamál við Háskóla Íslands.

1. gr.

Almennt.

Rannsóknastofnun um lyfjamál er hlutlaus og óháð rannsókna- og fræðslustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Meginmarkmið stofnunarinnar er að auka rannsóknir og fræðslu um lyfjamál á Íslandi og alþjóðlega. Rannsóknastofnun um lyfjamál er ætlað að vera viðtækur vettvangur rannsókna á sviði lyfjastefnu, einkum öllu því er lýtur að skynsamlegrí lyfjanotkun, lyfjafaraldsfræði og lyfjahagfræði. Markmið stofnunarinnar er jafnframt að miðla vísindalegrí þekkingu um lyfjamál og laða fræðimenn til starfa á þessu sviði. Að rannsókna-stofnuninni standa fastir kennarar í lyfjafræði og samstarfsaðilar innan háskólans og af vettvangi. Stofnunin starfar á vegum lyfjafræðideildar. Deildarforseti og formaður stjórnar gera starfssamninga við aðila utan Háskóla Íslands.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Rannsóknastofnunar um lyfjamál er:

- a. að vinna þjónustuverkefni á sviði lyfjamála fyrir atvinnulíf og hið opinbera,
- b. að auka samstarf milli fræðimanna, atvinnulífs og opinberra aðila á sviði lyfjamála og vera meðal annars leiðandi í rannsóknum á sviði skynsamlegrar lyfjanotkunar og lyfjahagfræði,
- c. að vinna að rannsóknarverkefnum og úttektum meðal annars í samstarfi við virta erlenda vísindamenn,
- d. að treysta samvinnu milli samstarfsaðila í þágu þverfaglegs náms, efla skilning á þeim hagsmunum sem þverfaglegu námi tengjast og stuðla að auknum fjölda nám-skeiða á sviði lyfjamála innan og utan hefðbundins háskólanáms,
- e. að auka möguleika námsmanna og kennara til náms- og kennsluskipta,
- f. veita nemum í rannsóknanaði aðstöðu og búnað til rannsóknastarfa og veita nemum þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum með því að gefa þeim kost á að vinna rannsóknastörf á vegum setursins eftir því sem unnt er,
- g. að gangast fyrir símenntunarnámskeiðum, ráðstefnum, umræðufundum og fyrilestrum um efni sem varða starfssvið setursins og
- h. að vinna að útgáfu rita um lyfjastefnu og lyfjamál.

3. gr.

Aðstaða.

Lyfjafræðideild lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er.

Stofnunin veitir starfsliði sínu skv. 7. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

4. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð 7 mönnum til þriggja ára í senn. Lyfjafræðideild tilnefnir einn sem er jafnframt formaður stjórnar. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og rektor Háskóla

Íslands skipa hvor sinn fulltrúa. Forseti lyfjafræðideildar tilnefnir 4 stjórnarmenn frá samstarfsaðilum stofnunarinnar, sem samningar hafa verið gerðir við, sbr. 1. gr. Deildarráð lyfjafræðideildar staðfestir skipun stjórnar.

5. gr.

Stjórnarfundir.

Stjórnarfundir skulu haldnir a.m.k. einu sinni á misseri. Annar þeirra er aðalfundur. Aðild að aðalfundi auk stjórnar eiga allir samningsbundnir starfsaðilar, fjárvirktaðilar og kennarar við Háskóla Íslands sem tengjast stofnuninni.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi bréflega, eða í tölvupósti, með þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef forseti lyfjafræðideildar eða rektor ber fram slíka ósk og hafa þeir þá málfrelni og tillögurétt á fundinum, en ekki atkvæðisrétt.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send forseta lyfjafræðideildar. Forstöðumaður situr stjórnarfundi með málfrelni og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

6. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir stofnunina og setur henni starfssreglur. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum stofnunarinnar gagnvart deild, samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun og gerir tillögu til deilda um fjárveitingar og skiptingar þeirra ásamt skiptingu annarra tekna. Stjórn getur skipað þriggja manna framkvæmdastjórn samkvæmt nánari vinnureglum. Jafnframt getur stjórn skipað ráðgjafanefnd samkvæmt nánari vinnureglum.

7. gr.

Forstöðumaður og starfsmenn.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða forstöðumann. Hann skal að jafnaði uppfylla almenn hæfisskilyrði skv. reglum um Háskóla Íslands. Forstöðumaður stofnunarinnar annast daglegan rekstur hennar, þar á meðal eftirlit með starfsmönnum hennar, fjármálum og rannsóknarverkefnum. Stjórnin setur forstöðumanni erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um verksvið hans.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum fer stjórn stofnunarinnar eða forstöðumaður í umboði hennar með ráðningarmálið. Rannsóknastofnun um lyfjafrámál kemur að kennslu í lyfjafræðideild, eftir nánara samkomulagi.

8. gr.

Fjármál.

Tekjur stofnunarinnar eru eftirfarandi:

- framlag frá lyfjafræðideild,
- framlög frá öðrum deildum háskólans ef því er að skipta,
- framlag frá samstarfsaðilum,

Nr. 345

26. mars 2007

- d. styrkir til einstakra verkefna,
- e. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- f. tekjur af útgáfustarfsemi og námskeiðahaldi,
- g. aðrar tekjur, t.d. Þróunarsjóður Háskóla Íslands, gjafir og framlög úr ríkissjóði eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Stofnunin hefur sjálfstætt fjárhald en lyfjafræðideild ber á henni fjárábyrgð. Fjárhagsáætlanir og uppgjör skulu kynnt forseta lyfjafræðideildar.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

9. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 26. mars 2007.

Kristín Ingólfssdóttir.

Pórður Kristinsson.

B-deild – Útgáfud.: 23. apríl 2007